

Dreifibréf 02/2007/LS

Samningar um lyfjafræðilega þjónustu

Lyfjastofnun hefur haft til skoðunar undanfarið samninga sem stofnanir (heilbrigðisstofnanir, dvalarheimili og læknastöðvar) hafa gert um lyfjafræðilega þjónustu samkvæmt 2. mgr. 38. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, með síðari breytingum. Nokkuð hefur borið á því að stofnanir kaupa lyf af lyfjabúðum án lyfseðils. Mun framkvæmdin hafa verið með þeim hætti að lyfjabúðin leggur sérstakt gjald á lyfin sem greiðsla fyrir lyfjafræðilega þjónustu.

Lyfjastofnun vill áréttta að leyfi til dreifingar lyfja í heilidsölu hafa þeir einir sem fengið hafa leyfi ráðherra skv. 33. gr. lyfjalaga. Lyfjabúðum er aðeins heimilt að selja lyf út úr lyfjabúð gegn lyfseðli læknis. Heilbrigðisstofnanir sem gera samning um lyfjafræðilega þjónustu hafa heimild til að kaupa lyf í heilidsölu og skal hún því vera hinn eiginlegi kaupandi lyfja en ekki lyfjabúðin. Öll lyfjakaup heilbrigðisstofnunar skulu því gerð í nafni stofnunarinnar í lyfjaheilidsölu á umsömdu heilidsöluverði og í samræmi við ákvæði lyfjalaga um verðlagningu lyfja í heilidsölu. Samningur heilbrigðisstofnunar við lyfsöluleyfifishaða eða lyfjafræðing um lyfjafræðilega þjónustu svo sem umsjón með öflun lyfja og eftirlit með notkun þeirra skv. 2. mgr. 38. gr. lyfjalaga er einungis þjónustusamningur um faglega ábyrgð.

Í ljósi framangreinds eru lyfjakaup ofangreindra stofnana ekki heimil frá lyfjabúð án þess að lyfseðill liggi til grundvallar. Stofnanir geta fengið afgreidd lyf úr lyfjabúðum samkvæmt lyfseðli sem afgreiddur er eins og aðrir lyfseðlar í lyfjabúðinni. Árétttað er að kaup lyfja frá heilidsölu til ofangreindra stofnana getur ekki farið fram í nafni lyfjabúðar heldur skal fara fram í nafni stofnunarinnar.

Lyfjastofnun